

Opinn fundur skólaráðs – fjarfundur – haldinn föstudaginn 21. maí kl. 08:30

Á fundinn mættu frá Kópavogsskóla Guðmundur Ásmundsson skólastjóri og Guðný Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem var fundarstjóri. Frá Menntasviði Anna Birna Snæbjörnsdóttir sviðsstjóri og frá Umhverfissviði Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri. Fulltrúar foreldra í skólaráði á fundinum voru Jóhannes Larsen, Sólveig Helga Jóhannsdóttir og Agnes Óska Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

Húsnæðismál Kópavogsskóla:

- Staðan i dag – Guðmundur Ásmundsson skólastjóri
- Horft til framtíðar – Ásthildur Helgadóttir sviðsstjóri umhverfissviðs
- Fyrirspurnir og umræður.

Aðstoðarskólastjóri setti fund, kynnti fundarefnið og fyrirkomulag fundarins.

- Skólastjóri sagði frá þeim framkvæmdum undanfarinna ára sem eru töluverðar og húsnæði sem slíkt er gott. Nýtt eldhús er komið og heimilisfræðistofa er nýuppgerð, tvær nýjar skólastofur á lóð skólans voru teknar í notkun fyrir tveimur árum og búið er að endurgera eldri stofur skólans undanfarin ár. Húsnæðið er hins vegar barn síns tíma hvað skipulag, stofustærðir og stærðir almenningsrýma varðar og þær stofur sem snúa að Digranesvegi eru litlar og óhentugar miða við þróun skólstarfs. Skólastjóri lagði áherslu á að horfa þyrfti til framtíðarskipulags skólans vegna áætlaðrar fjölgunar íbúða og skólabarna í skólahverfinu og mikilvægt að huga að undirbúningi í tíma.
- Sviðsstjóri umhverfissviðs fór yfir þær viðhaldsframkvæmdir sem gera á í skólanum í sumar og munu umhverfis- og menntasvið leggja til að sett verði á áætlun að laus kennslustofa bætist á skólalóðina sumarið 2022. Skoða þarf málið heildstætt hvað þörf fyrir viðbyggingu og breytt skipulag rýma í skólahúsinu.
- Sviðsstjóri menntasviðs ræddi um áætlaða fjölgun barna í skólahverfum og hversu erfitt væri að sjá fyrir þróun barnafjölda í nýjum hverfum. Reynslan sýnir að þróun nemendafjölda er oft öðruvísi en gert er ráð fyrir í upphafi og áætlanir um húsnæðismál þurfa að taka mið af því.
- Nýtt miðbæjarskipulag er í vinnslu og ef allt fer samkvæmt áætlun hefjast framkvæmdir haustið 2022. Framkvæmdir á Traðarreit eystri hefjast væntanlega í haust og þar er framkvæmdatími áætlaður 2 ár.
- Fyrirspurnir og umræður:
 - JL spurði um orð ABS um skoðun á innra skipulagi en þar er átt við skoðun á breytingu húsnæðisins.
 - SHJ spurði um tímaáætlun á ferlinu og fjárhagsáætlun og lýsti áhyggjum sínum vegna þrengsla í stofum hjá nemendum í dag.
 - ABS sagði það ekki á fjárhagsáætlun þessa árs en færi í vinnu áætlunar næsta árs.

- GÁ ítrekaði mikilvægi þess að skoða breytingar á innra skipulagi skólahúsnæðisins samhliða hugmyndum um viðbyggingu.
- ABS ræddi ýmsar leiðir sem farnar hafi verið til breytinga á nýtingu og staðsetningu rýma í húsnæði grunnskólanna til að nýta húsnæði betur og skapa aukinn sveigjanleika í skólastarfi.
- SHJ ræddi um fjölgun nemenda í verðandi 1. bekk og hvernig áætlanir litu út gagnvart næstu árum.
- ABS sagði að verið væri að greina áætlaða þróun barnafjölda í leikskólum og meta þörf fyrir nýjar leikskólabyggingar í samræmi.
- JL spurði hver myndi skoða skipulag húsnæðisins og meta næstu skref hvað það varðar.
- ÁH sagði að það yrði forunnið á umhverfissviði og síðan væntanlega boðið út.
- GÁ lagði áherslu á að þessi vinna hæfist sem fyrst svo ekki yrði tímaþröng ef börnum í skólanum fjölgaði hratt.

Fundi slitið um kl. 9:10